

Netfang: [nefnidasvid@althingi.is](mailto:nefnidasvid@althingi.is)

Reykjavík, 9. desember 2019

**Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og sveitarstjórnarlögum (forsendur úthlutana úr Jöfnunarsjóði).**

Til LEX hafa leitað sveitarfélögin Ásahreppur, kt. 430169-0339, Laugalandi, Hellu, Fljótisdalshreppur, kt. 550169-5339, Végarði, Egilsstöðum, Grímsnes- og Grafningshreppur, kt. 590698-2109, Félagsheimilinu Borg, Selfossi, Hvalfjarðarsveit, 630606-1950, Innrimel 3, Akranesi, og Skorradalshreppur, kt. 600269-0709, Horni, Skorradal, Borgarnesi, og falið undirrituðum lögmanni að senda inn athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og sveitarstjórnarlögum (forsendur úthlutana úr Jöfnunarsjóði).

Umbj. okkar sendu inn athugasemdir, dags. 8. október 2019, vegna frumvarpsins þegar það var tilkynningar á samráðsgátt. Hefur nú frumvarpið verið lagt fram í breyttri mynd. Umbj. mínir gera einkum athugasemdir við eftirfarandi:

**1. Breyting á b-lið 1. mgr. 1. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.**

Í 1. gr. frumvarpsins er gerð tillaga að breytingu á b-lið 1. mgr. 1. gr. laga nr. 4/1995 og mælt fyrir um að í stað þess að framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga teljist til tekjustofna sveitarfélaga og lúti þannig reglum 2. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar teljist einvörðungu úthlutað framlög úr sjóðnum til sveitarfélaga til tekjustofna þeirra. Umbj. okkar gera athugasemd við þessa breytingartillögu og telja að ef ætlunin sé að freista þess að gera breytingar á ákvæðinu með vísan til forsendna dóms Hæstaréttar í máli nr. 34/2018 ætti fremur að afnema framlög úr Jöfnunarsjóði sem tekjustofn sveitarfélaga. Framlög úr sjóðnum þyrftu þar með ekki að lúta kröfum 2. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar enda er í reynd um að ræða styrkveitingar til einstakra sveitarfélaga en ekki eiginleg framlög. Með umræddri breytingartillögu er á hinn bóginn verið að sniðganga kröfur 2. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar en það fæst staðfest í umfjöllun um greinina í frumvarpinu þar sem fjallað er um meginefni þess. Þar segir orðrétt: „Er ákvæðinu ætlað að festa í sessi þann skilning að tekjustofn sveitarfélaga í skilningi 2. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar teljist vera úthlutað framlag Jöfnunarsjóðs **eftir að það hefur verið ákveðið af ráðherra**“ (áherslubr. undirritaðs)

**2. Varðandi réttaráhrif dóms Hæstaréttar í máli nr. 34/2018.**

Í frumvarpinu er fjallað um réttaráhrif dóms Hæstaréttar í máli nr. 34/2018 og hver beri ábyrgð á leiðréttingu á framlögum þar sem dómurinn hafi haft þau áhrif að sum sveitarfélög hafa fengið minna og önnur meira. Þessum skilningi frumvarpshöfunda á framangreindum dómi Hæstaréttar er hafnað. Niðurstaða dómsins felur það í sér að íslenska ríkið, ekki Jöfnunarsjóður, beri að greiða umbj. okkar **skaðabætur**. Greiðsla á grundvelli dómsins á því ekki að hafa þau áhrif að framlög til einstakra sveitarfélaga úr Jöfnunarsjóði lækki.

### 3. Misræmi vegna flatrar skerðingar framlaga.

Umbj. okkar mótmæla að við gerð skrár um tekjur sveitarfélaga skuli sleppa einstaka sveitarfélagi sem er með tekjur á hvern íbúa sem eru 50% yfir meðaltekjum í hverjum viðmiðunarflokki, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Þá er enn og aftur áréttað að ómálefnalegt er að líta til heildarskatttekna varðandi úthlutun útgjaldajöfnunarframlaga. Þar að auki er hvergi rökstutt af hverju umrætt 50% viðmið teljist málefnalegt.

### 4. Sameining sveitarfélaga.

Í frumvarpinu eru lögð til fjárframlög vegna fyrirhugaðrar sameiningar sveitarfélaga. Umbj. okkar vilja koma því á framfæri að þau telji umrædda skyldu til sameiningar ekki standast kröfur 78. gr. stjórnarskrárinnar um sjálfstjórn sveitarfélaga.

Að öðru leyti vísast til fyrri athugasemda.

Virðingarfyllst,



Óskar Sigurðsson hrl.